



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Samningur skóla- og frístundasviðs og Kennarafélags Reykjavíkur

Meðfylgjandi eru drög að samningi skóla- og frístundasviðs og Kennarafélags Reykjavíkur.

Markmið samningsins er að styrkja starf og bæta vinnuumhverfi kennara í grunnskólum við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur. Eins og fram kemur í samningnum er mikilvægt að grunnskólakennarar séu framsæknir í störfum sínum, rýni eigin starfsaðferðir, vinni saman að sameiginlegum markmiðum og tileinki sér nýja starfs- og kennsluhætti, sem ýti undir áhuga, ástríðu og árangur allra barna og unglunga. Í samningnum er m.a. tiltekið að félagið noti styrkinn m.a. til að vinna með borgaryfirvöldum að aukinni starfsþróun kennara, vinna að jákvæðri ímynd kennarastarfsins og stuðla að aukinni vellíðan og sjálfseflingu og þróa leiðir til að draga úr veikindafjarvistum starfsfólks í grunnskólum.

Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir að skóla- og frístundasvið veiti Kennarafélagi Reykjavíkur styrk að fjárhæð kr. 3.000.000 á ári í þrjú ár, þ.e. árin 2019, 2020 og 2021 til að vinna að framangreindum verkefnum.

Jafnframt er kveðið á um það að í lok hvers árs kynni Kennarafélag Reykjavíkur skóla- og frístundasviði stöðu verkefna í starfsáætlun sinni á og framvísi reikningum og skýrslu um helstu verkefni félagsins.

Samningsfjárhæð rúmast innan núverandi fjárheimilda sviðsins.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 og Kennarafélag Reykjavíkur, kt. 610283-0129, í samningnum nefnt KFR, gera með sér svohljóðandi

SAMNING

1. gr.

Markmið

Markmið samnings þessa er að styrkja starf og bæta vinnuumhverfi kennara í grunnskólum Reykjavíkur á árunum 2019-2021 í tengslum við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur. Mikilvægt er að grunnskólakennarar sé framsæknir í störfum sínum, rýni eigin starfsaðferðir, vinni saman að sameiginlegum markmiðum og tileinki sér nýja starfs- og kennsluhætti sem ýta undir áhuga, ástríðu og árangur allra barna og unglunga.

2. gr.

Samstarf

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar lítur á KFR sem samstarfsaðila, jafnt trúnaðarmenn sem stjórn félagsins. Félagið starfar í samræmi við ákvæði 1. gr. samnings þessa.

KFR skal leggja fram starfsáætlun félagsins fyrir 1. mars 2019, 1. febrúar 2020 og 1. febrúar 2021 þar sem fram koma stefnumarkandi verkefni á árinu er varða þennan samning. Starfsáætlun skal borin undir skóla- og frístundaráð til samþykktar eigi síðar en 1. apríl 2019, 1. mars 2020 og 1. mars 2021. Í lok hvers árs á samningstímanum, eigi síðar en 15. desember ár hvert, skal félagið skila skóla- og frístundasviði ársskýrslu fyrir liðið ár.

3. gr.

Styrkur skóla- og frístundasviðs

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar styrkir KFR um samtals kr. 3.000.000,- ár hvert í þrjú ár. Að öllum skilyrðum samningsins uppfylltum skal greiðsla styrks fara fram með eftirfarandi hætti:

Þann 1. apríl ár hvert kr. 1.000.000,-

Þann 1. ágúst ár hvert kr. 1.000.000,-

Þann 20. desember ár hvert kr. 1.000.000,-

Greitt er inn á bankareikning KFR, reikningsnúmer 111-26-554910.

4. gr.

Verkefni KFR á grundvelli styrks

Styrkur skv. samningi þessum skal notaður til eftirfarandi verkefna:

1. Að efla og styðja starf grunnskóla m.a. með því að koma á sterkari tengslum innan borgarhluta, milli grunnskóla, leikskóla og frístundastarfs við innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur.
2. Taka þátt í að þróa leiðir til að einfalda og styrkja starfshætti skóla varðandi menntun án aðgreiningar og menntun barna með fjölþættan vanda m.a. með því að samhæfa og efla starfsaðferðir skóla, sérkennslu og stuðning og vinna markvissar með skólalþjónustunni.
3. Vinna að jákvæðri ímynd kennarastarfs í grunnskólum Reykjavíkur.
4. Stuðla að aukinni vellíðan og sjálfsefningu grunnskólakennara í starfi sínu.
5. Vinna með mannauðsskrifstofu SFS ofl. að því að þróa leiðir til að draga úr veikindafjarvistum starfsfólks í grunnskólum.
6. Annast fræðslu og upplýsingagjöf til kennara í því skyni að auka þátttöku þeirra í starfsþróun og símenntun. Einnig að skapa grunnskólakennurum samstarfsvettvang þar sem miðlað er reynslu og þekkingu.
7. Stuðla að markvissum samskiptum foreldra og grunnskólakennara með því að vinna með kennurum og stjórnendum skóla að því að ramma betur af samskipti og samstarf kennara og foreldra/forráðamanna.
8. Taka þátt í stefnumótun Reykjavíkurborgar að því er varðar málefni grunnskólans þegar þess er óskað og koma sjónarmiðum grunnskólakennara á framfæri við borgaryfirvöld.
9. Taka þátt í einstökum verkefnum á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Í lok hvers árs og áður en greiðslur 1. janúar 2020 og 1. janúar 2021 eru inntar af hendi skv. 3. gr. samnings þessa skal KFR kynna skóla- og frístundasviði stöðu verkefna í starfsáætlun sinni og framvísa reikningum og skýrslu um helstu verkefni félagsins á grundvelli 4. gr. samningsins.

5. gr.

Gildistími og uppsögn samnings

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2019 til 31. desember 2021 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að

styrkupp hæð hvers árs getur tekið breytingum vegna almennra hagræðingaraðgerða borgarráðs.

Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara og miðast uppsögn við mánaðamót.

6. gr.

Reglur, vanefndir, varnarþing o.fl

Um samning þennan fer eftir reglum Reykjavíkurborgar um styrki, sjá viðauka I við samning þennan og skal geta þess í kynningarefni KFR að félagið njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

Skv. reglum Reykjavíkurborgar um styrki skulu þeir, sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg, skila kyngreindum gögnum um þá, sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar. Sérstaklega skal greint frá því hvaða áhrif styrkurinn hefur á stöðu jaðarsettra hópa fólks, sbr. mannréttindastefna Reykjavíkur. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði <http://www.reykjavik>.

Skv. mannréttindastefnu borgarinnar eru styrkir borgarinnar bundnir því skilyrði að unnið sé gegn mismunun og að jafnrétti. Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar getur krafist viðtakanda styrks um greinargerð um ráðstöfun hans til að fylgjast með því að hann sé nýttur á jafnréttisgrundvelli.

Komi í ljós að skóla- og frístundasvið hefur ofgreitt styrkfjárhæð af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun skóla- og frístundasvið lækka styrkfjárhæð til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu.

Verði um vanefndir að ræða á skyldum annars hvors samningsaðila skv. samningi þessum er gagnaðila heimilt að rifta samningnum, þ.m.t. afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu. Áður en til riftunnar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samningsins skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík,

2019

F.h. skóla- og frístundasviðs

F.h. Kennarafélags Reykjavíkur

Viðauki I

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki - samþykktar í borgarráði 9. september 2004, sbr. breytingar samþykktar í borgarráði 3. júní 2010.

Reglur Reykjavíkurborgar um styrki

1. kafli. Markmið.

1. gr.

Reykjavíkurborg veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu sem fellur að hlutverki sveitarfélagsins eða telst á annan hátt í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda.

2. gr.

Markmiðið með styrkjum borgaryfirvalda er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun borgarsamfélagsins, lífsgæðum og fjölbreytilegu mannlífi.

3. gr.

Með styrkjum skal leitast við að styrkja og efna til samstarfs á grundvelli samninga (styrksamninga, samstarfssamninga, þjónustusamninga) um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Styrkir geta verið hvort sem er til einstakra verkefna eða rekstrar. Hvorki eru veittir styrkir til kaupa á húsnæði né sérstaklega til greiðslu fasteignaskatts.

2. kafli. Ábyrgð.

4. gr.

Borgarráð mótar almenna stefnu í styrkjamálum Reykjavíkurborgar og ákveður borgarstjórn við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til styrkja. Borgarráð getur ár hvert samþykkt sérstakt áherslusvið í styrkveitingum næsta árs og ætlað fjármagn til styrkja á því sviði af styrkjalið borgarráðs.

Borgarráð fer með úthlutun styrkja, og gerð langtímasamninga, sem falla utan við verksvið fagnefnda borgarinnar. (Borgarráð getur þó falið einstökum nefndum að annast eftirlit og framkvæmd slíkra samninga.)

5. gr.

Fagnefndir Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði, úthlutun styrkja og gerð samninga í umboði borgarráðs.

Einstaka fagnefndir skulu gera samþykkt um málefnaleg markmið og vinnulag í tengslum við úthlutun styrkja og samninga. Samþykktirnar skulu lagðar fyrir borgarráð til staðfestingar.

6. gr.

Skrifstofa borgarstjórnar fer með ábyrgð á umsjón styrkjamála miðlægt og styrkumsóknum sem koma til afgreiðslu borgarráðs. Í því felst m.a. móttaka styrkumsókna, skráning, flokkun og

vísun til fagnefnda, gerð heildaryfirlita og árleg auglýsing ásamt umsóknar- og kynningarefni á vef Reykjavíkurborgar.

3. kafli. Meðferð og afgreiðsla umsókna og styrkja

7.gr.

Við meðferð og mat á umsóknum skal viðhafa góða stjórnsýsluhætti, gagnsæi og vönduð vinnubrögð.

Meginreglan skal vera sú að þær umsóknir einar séu gildar sem berast innan tilsetts umsóknarfrests og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í auglýsingu.

8. gr.

Auglýst skal fyrir 1. september ár hvert eftir almennum umsóknum um styrki til Reykjavíkurborgar. Við það skal miðað að frestur til að skila inn umsóknum einn mánuður og úthlutun nefnda og ráða sé lokið í árslok. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um umsóknarfrest, forsendur styrkveitinga og nauðsynleg fylgigögn, auk annarra hagnýtra upplýsinga. Þá skal koma fram í auglýsingu að styrkveiting feli í sér að umsækjendur undirgangist ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki.

9. gr.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum eyðublaðum sem skulu vera aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is og á stofnunum borgarinnar.

Auk almennra upplýsinga um umsækjanda skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram í umsókn:

- Markmið verkefnis eða starfsemi.
- Tíma- og verkáætlun.
- Önnur fjármögnun verkefnis eða starfsemi og gögn því til stuðnings
- Aðrar upplýsingar, ef við á.
- Hafi umsækjendur áður fengið styrki skulu liggja fyrir skilagreinar um nýtingu fyrri styrkja.

10.gr.

Umsóknir skulu metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins; d) hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur; e) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi f) fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn. Styrkþegum er skylt að skila greinargerð um ráðstöfun styrkfjár fyrir lok ráðstöfunarárs. Greinargerðinni skal skilað á sérstöku eyðublaði sem er aðgengilegt á www.reykjavik.is og hjá stofnunum borgarinnar.

11. gr.

Framkvæmdastjórar fagnefnda leggja umsóknir fyrir nefndir með rökstuddri tillögu um afgreiðslu á grundvelli samþykkrtra markmiða og vinnulags viðkomandi nefndar. Skrifstofustjóri borgarstjórnar annast meðferð þeirra umsókna sem koma til afgreiðslu borgarráðs og leggur rökstuddar tillögur fyrir ráðið. Ef stuðst er við umsagnir undirnefnda eða ráðgefandi aðila skulu þær umsagnir jafnframt lagðar fram.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um afgreiðslu styrkumsóknar og hvenær styrkur kemur til greiðslu, ef hann er veittur.

12. gr.

Styrkveiting gildir fyrir næsta fjárhagsár. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á.

Styrkveiting felur ekki í sér fyrirheit um frekari skuldbindingar af hálfu Reykjavíkurborgar nema gerður sé sérstakur samningur þess efnis.

Nefndir skulu leggja styrkjasamninga, sem taka til lengri tíma en eins árs fyrir borgarráð til samþykktar.

13. gr.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að rifta samningum, afturkalla styrkloforð og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu styrkþega.

14. gr.

Að jafnaði skulu styrkir allt að 1 m.kr. greiddir í einu lagi, styrkir á bilinu 1-2 m.kr. í tvennu lagi, styrkir á bilinu 2-3 m.kr. í þrennu lagi, en hærri styrkir ársfjórðungslega. Sama gildir um greiðslur vegna styrksamninga. Greiðslur fara fram 16.-18. mars, júní, september og desember.

15.gr.

Fagnefndir skulu leggja yfirlit veittra styrkja fyrir borgarráð til kynningar eins fljótt og auðið er. Þær annast jafnframt almenna kynningu á styrkveitingum hver á sínu sviði.

16.gr.

Styrkþegar skulu gera grein fyrir því í árslok hvernig styrkfé hefur verið varið.

Framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skuli metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári.

Þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu.

4. kafli. Gildistaka

17. gr.

Reglur þessar taka gildi frá og með samþykkt í borgarráði og falla þá úr gildi eldri reglur samþykktar af borgarráði 11. nóvember 1997.

Ákvæði til bráðabirgða

Auglýsing um styrki Reykjavíkurborgar á fjárhagsárinu 2005 skal birt hið fyrsta..

Greinargerð

Tillögur starfshópsins hafa að markmiði að koma á samræmdu vinnulagi/reglum í úthlutun styrkja Reykjavíkurborgar og tryggja eftir fönfum aðgang og jafnræði við ráðstöfun skattfjár borgarbúa. Jafnframt eru tillögurnar til þess fallnar að auka festu í vinnubrögðum við úthlutun styrkja.

Nýmæli í *Reglum Reykjavíkurborgar um styrki, dags. 7. september 2004*, felast einkum í eftirfarandi:

- Umfjöllun og afgreiðsla styrkja og saminga verður í vaxandi mæli á vettvangi fagnefnda
- Aukin áhersla verður á samstarfssaminga/styrksamninga sem falla að markmiðum og forgangsröðun Reykjavíkurborgar og einstakra málaflokka. Gert er ráð fyrir að slíkir samningar feli í sér ítarlegri ákvæði um mat á árangri, eftirlit og önnur atriði sem leiða af skyldum þeirra sem ráðstafa opinberu fé.
- Almennt verði ekki veittir styrkir til kaupa á húsnæði heldur verði leitast við að styrkja og efna til samstarfs um starfsemi og þjónustu í samræmi við áherslur og forgangsröðun borgaryfirvalda. Starfshópurinn telur jafnframt eðlilegt að ekki sé gerður greinarmun á styrkjum eftir því hvort þeir eru til almenns reksturs eða reksturs fasteigna. Fyrirnefndu styrkirnir eru nú afgreiddir af fagnefndum en hinir síðarnefndu af borgarráði.

Í tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir því að styrkumsóknir berist skrifstofu borgarstjórnar sem beri miðlæga ábyrgð á móttöku styrkbeiðna og vísun þeirra til afgreiðslu fagnefnda eftir því sem ábyrgð þeirra stendur til. Skrifstofa borgarstjórnar standi vörð um samræmd vinnubrögð og hafi heildareftirlit með meðferð og afgreiðslu styrkveitinga Reykjavíkurborgar. Hlutverk og ábyrgð málaflokka er jafnframt skilgreind í reglunum auk þess sem sérstök tillaga er gerð um að borgarráð feli fagnefndum að gera samþykktir um eigin styrkveitingar til fyllingar almennum reglum Reykjavíkurborgar.

Þróun styrkveitinga

Fjármagn til styrkveitinga hefur haldist lítið breytt undanfarin ár. Fjárhagsrammi menningarmálanefndar var hækkaður árið 2001 vegna leiklistarstyrkja og eins hafa orðið tilfærslur innan ramma einstakra nefnda. Hjá félagsmálaráði, menningarmálanefnd og ÍTR er greinileg aukning á húsnæðisstyrkjum sem rekja má til innri leigu sem er tilkomin vegna breyttra reikningsskilareglna sveitarfélaga. Starfshópurinn telur ekki tilefni til að gera greinarmun á styrkjum eftir því hvort þeir fari til almenns rekstrar eða rekstrar fasteigna. Fyrirnefndu styrkirnir eru nú afgreiddir af fagnefndum en hinir síðarnefndu í borgarráði. Því er lagt til í *Reglum Reykjavíkurborgar um styrki* að styrkumfjöllun og styrkveitingar sem verið hafa hjá borgarráði og lúta að rekstri fasteigna flytjist til hlutaðeigandi fagnefnda ásamt tilheyrandi fjármagni.

Heildarstyrkveitingar á árinu 2003 námu 2.838 mkr. og er þá miðað við styrki, samstarfssamninga, rekstrarframlög og þjónustusamninga. Stærsti einstaki styrkjaliðurinn, 516 mkr. var til húsnæðis- og æfingastyrkja Íþróttafélaganna samkvæmt reglum sem Íþróttafélögin hafa komið sér saman um á vettvangi Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR). Að auki eru veittar 80 mkr. í styrki til byggingar Íþróttamannvirkja og 27 mkr. runnu til reksturs ÍBR. Um 26 mkr. að

auki var varið til ýmiss konar íþróttá- og tólmundastarfsemi. Alls var því varið um 767 mkr. til margvíslegs starfs sem tengdist íþróttafélögum borgarinnar á árinu 2003.

Á árinu 2003 var 600 mkr. varið til styrkja á sviði menningarmála. Ríflega helmingur þess fjár liggur í stuðningi við stofnanir og launagreiðslum til atvinnulistamanna. Tæpur helmingur eða 232 mkr. er sammingsbundið framlag Reykjavíkurborgar til Leikfélags Reykjavíkur sem er stærsti einstaki styrkþegi Reykjavíkurborgar. Framlag Reykjavíkurborgar til reksturs Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árinu 2003 nam 80 mkr. Alls námu húsnæðisstyrkir vegna menningarmála 186 mkr., að stærstum hluta vegna Borgarleikhúss. Því styrkjafé sem menningarmálanefnd ráðstafar að öðru leyti er að mestu varið til stuðnings við listamenn, fyrirtæki þeirra og félög gegnum starfssamninga til þriggja ára.

Styrkir leikskólaráðs og fræðsluráðs eru að verulegu leyti til ýmissa rannsókna og þróunarverkefna í málaflokkunum. Almennir styrkir fræðsluráðs eru um 25 mkr., auk þróunarsjóðs grunnskóla sem nemur 8 millj. kr., alls 33 mkr. Þess má geta að framlög til tónlistarskóla voru 557 mkr. og einkarekinna grunnskóla um 104 mkr. Byggingarstyrkir til einkarekinna grunnskóla bætast við þessar upphæðir, auk þess sem Ísaksskóli fékk á árinu 2003 55 mkr. styrk vegna til að takast á við uppsafnaðan rekstrarvanda. Leikskólaráð veitti 2 mkr. til almennra styrkja og sömu upphæð til þróunarverkefna. Auk þess voru framlög til einkarekinna leikskóla og niðurgreiðslur dagvistunar á einkaheimilum rúmar 421 mkr.

Styrkir félagsmála renna öðru fremur til reksturs og þjónustu af ýmsum toga. Á árinu 2003 voru styrkir til félagsmála rúmar 67 mkr. Félagsmálaráð ákveður styrki á sínu sviði og eru þeir háðir því að styrkþegar veiti þjónustu sem flokkast undir skylduverkefni Félagsþjónustunnar skv. lögum og því faglega mati að þjónustan sé í betur komin hjá styrkþega en hjá borginni sjálfri. Um slíka styrki eru gerðir skriflegir samningar. Þjónustusamningar eru stærsti hluti styrkja Félagsþjónustunnar/félagsmálaráðs eða 37 mkr. Þá voru húsnæðisstyrkir vegna félagsmála um 30 mkr.

Starfshópurinn telur mikilvægt að fagnefndir marki sér skýra stefnu um markmið sín með styrkveitingum og taki afstöðu til þess hvert hlutfall þjónustusamninga, starfssamninga, starfslauna eða einstakra almennra styrkja eigi að vera af heildarfjármunum hvers nefndar til styrkja. Mikilvægt er að slík stefnumörkun verði gerð umsækjendum aðgengileg.

Auglýsingar og umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur á undanförunum árum hefur verið frá miðjum október til 20. nóvember. Hér er lagt til að úthlutun styrkja fari fram einu sinni á ári, styrkir séu auglýstir fyrr á haustin eða eigi síðar en 1. september og úthlutun sé lokið fyrir áramót. Vegur hér þungt að koma þarf til móts við aðila sem reiða sig á fjárframlög til verkefna sem skipuleggja þarf með góðum fyrirvara.

Nefndin telur að auglýsa eigi eftir styrkumsóknum með einni auglýsingu og á svipuðum nótum og verið hefur. Þá telur hópurinn til bóta sé að tekið sé á móti umsóknum á einum stað þannig að umsækjendum sé ekki ætlað að þekkja verkaskiptingu nefnda og ráða borgarinnar.

Samþykkt í borgarráði 9. september 2004, sbr. breytingar samþykktar í borgarráði 3. júní 2010.